



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

4. fundur 2012 (29. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 14.09.2012 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Magnús Stefánsson	skipulagsnefnd
Birgir Haraldsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

Steinþór Einarsson boðaði forföll sem og áheyrnarfulltrúar Landhelgisgæslunnar.

1. Breyting á skipan skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Garðs, hefur tekið sæti Ásmundar Friðrikssonar í skipulagsnefndinni. Formaður bauð Magnús velkominn til starfa í nefndinni og fór yfir hlutverk og vinnu nefndarinnar.

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar

Skipulagsfulltrúi gerði grein fyrir framvindu vinnu við aðalskipulagið. Ljóst er að vinnan er nokkuð á eftir áætlun.

Lagt var fram erindi Icelandair Group, dags. 03.07.2012, þar sem veitt er umsögn um leiðarljós aðalskipulags Keflavíkurflugvallar og lýst sýn IG á uppbyggingu og þróun Keflavíkurflugvallar á næstu árum. Þar er m.a. óskað eftir frekari rökstuðningi fyrir hugmynd að nýrri N/S braut og lýst stuðningi við að endurbæta flugbraut 07/25. Ennfremur er ítrekuð afstaða félagsins um andstöðu við flutning innanlandsflugsins frá Reykjavíkurflugvelli. Félagið telur einnig vegna samnýtingar mannafla og tækja að óæskilegt væri að aðgreina innan- og utanlandsflug á Keflavíkurflugvelli umfram það sem lög og reglur krefjast.

Rætt var um brautakerfi á flugvellingum og sérfræðiráðgjöf í því sambandi. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar telur nauðsynlegt að leitað verði ráðgjafar um legu flugbrauta hjá aðilum sem hafa það sem aðalstarf að skipuleggja legu flugbrauta á flugvöllum.

3. Umsögn um samþykkt byggingaráforma vegna mannvirkja á flugvallarsvæði Keflavíkurflugvallar, sbr. 6. mgr. gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð

Lögð var fram til kynningar umsókn Icelandair um byggingu kaldrar sorpgeymslu að Fálkavelli 27.



4. Deiliskipulagsbreyting á austurhluta skipulagssvæðis B – Fálkavöllur 1 og Fálkavöllur 2a

Að aflokinni grenndarkynningu var lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðanna Fálkavöllur 1 og Fálkavöllur 2a. Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti deiliskipulagið með áorðnum breytingum.

5. Fálkavöllur 2 – breyting á deiliskipulagi, umsókn um stækkun flugeldhúss

Fyrir lá umsókn um stækkun flugeldhúss að Fálkavelli 2. Stækkunin fer út fyrir byggingarreit og er því breyting á deiliskipulagi forsenda stækkunarinnar.

Skipulagsnefndin telur að um óverulega breytingu sé að ræða á deiliskipulagi og samþykkti að fram fari grenndarkynning á breytingunni í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar þar um hjá þeim aðilum sem hafa hagsmuna að gæta.

6. Svæðisskipulag Suðurnesja

Formaður skipulagsnefndarinnar upplýsti um stöðu svæðisskipulagsins.

Athugasemdafrestur er útrunninn. Ekki hafa borist margar athugasemdir og ekki er búist við veigamiklum breytingum á skipulaginu í kjölfar auglýsingarinnar.

7. Uppfærður uppdráttur af flugþjónustusvæði

Rætt var um nauðsyn þess að uppfæra reyndaruppdrátt deiliskipulags flugþjónustusvæðis, en hann er til uppfærður til ársins 2008. Mjög erfitt getur verið að átta sig á hvaða skipulag í raun er í gildi ef uppdrátturinn er ekki uppfærður jafnóðum.

8. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar hefur ekki verið ákveðinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.